

Landsvirkjun
Björn Stefánsson
Háleitisbraut 68
103 Reykjavík

2000050061
7505; 7506; 7512;
7618; 9310

Reykjavík, 16. ágúst 2000
/--

Efni: Matsáætlun Kárahnjúkavirkjunar

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Kárahnjúkavirkjun.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 14. júlí 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun um Kárahnjúkavirkjun:

Landsvirkjun, Hönnun hf. verkfræðistofa, Landmótun,
Náttúrufræðistofnun Íslands, VBB VIAK í Svíþjóð og VST
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf: Kárahnjúkavirkjun, allt að 750
MW. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Júlí 2000.

Skipulagsstofnun kynnti tillögu framkvæmdaraðila eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Austur-Héraði, Fellahreppi, Fljótsdalshreppi, Norður-Héraði, Náttúruvernd ríkisins, Byggðastofnun, Ferðamálaráði Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis, samvinnunefnd miðhálandis, Vegagerðinni, veiðimálastjóra, Veiðistjóraembættinu, Þjóðhagsstofnun og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Fljótsdalshreppi með bréfi dags. 2. ágúst 2000, Norður-Héraði með bréfi dags. 10. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. júlí 2000, Byggðastofnun með bréfi dags. 18. júlí 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 27. júlí 2000, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 8. ágúst 2000, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 25. júlí 2000, Orkustofnun með bréfi dags. 10. ágúst 2000, samvinnunefnd miðhálandis með bréfi dags. 9. ágúst 2000, Vegagerðinni með bréfi dags. 27. júlí 2000, veiðimálastjóra með bréfi dags. 25. júlí 2000,

Veiðistjóraembættinu með bréfi dags. 19. júlí 2000, Þjóðhagsstofnun með bréfi dags. 24. júlí 2000, Guðmundi P. Ólafssyni með bréfi 1. ágúst 2000, Helga Hallgrímssyni með bréfi dags. 13. júlí 2000, Hjörleifi Guttormssyni með bréfi dags. 23. júní 2000, Kolbrúnu Halldórsdóttur með bréfi dags. 31. júlí 2000, Landvernd með bréfi dags. 31. júlí 2000, Náttúruverndarsamtökum Austurlands með bréfi dags. 31. júlí 2000, Náttúruverndarsamtökum Íslands með bréfi dags. 1. ágúst 2000 og Þuríði Backmann með bréfi 1. ágúst 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar Landsvirkjunar í kjölfar umsagna Hafrannsóknarstofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðarinnar og Veiðistjóraembættisins með bréfi dags. 9. ágúst 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum og fyrirvörum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal í matsáætlun lýsa framkvæmd, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma. Þar skal gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verður lögð áhersla, upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Samkvæmt 9. gr. laganna skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun.

FRAMKVÆMD

Fjallað er um framkvæmd og henni lýst í tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun í 1. og 2. kafla.

Í matsskýrslu þarf framkvæmd og megin framkvæmdaþættir að vera skýrir, þ.e. hvernig heildarframkvæmdin, Kárahnjúkavirkjun, skiptist í einstaka megin framkvæmdaþætti og að sama skapi af hvaða meginframkvæmdum og mannvirkjagerð hver veita eða meginframkvæmdaþáttur samanstendur. Gefa þarf skýrt yfirlit í máli, uppdráttum og eftir atvikum skýringarmyndum yfir:

- Skiptingu í áfanga þ.e. hvernig heildarframkvæmdin skiptist í áfanga og hvaða framkvæmdir og mannvirkjagerð tilheyra hverjum áfanga og afl virkjunar í einstökum áföngum
- öll lón, stærð og staðsetningu
- allar stíflur, stærð, efnismagn og staðsetningu
- allar veitur, göng og skurði, legu, lengd, efnismagn og vatnsmagn sem flutt er
- efnistökusvæði, staðsetningu, stærð, efnismagn og frágang
- haugsvæði, staðsetningu, stærð, efnismagn og frágang
- alla vegi, legu, lengd, efnismagn, frágang (þ.m.t. hvort vegir eru varanlegir) og tengingu við vegakerfi
- aðra helstu mannvirkjagerð, varanlega og tímabundna, s.s. á stöðvarhússvæði og vinnubúðir, staðsetningu, umfang og frágang
- flutning raforku á framkvæmdasvæðinu og tengsl við landskerfið ef þau eru fyrirhuguð
- mannaflapörf á byggingar- og rekstartíma
- helstu flutningsleiðir um þjóðvegakerfið á framkvæmda- og rekstartíma virkjunar ásamt áætluðu flutningsmagni.

Í matsskýrslu þarf eftir atvikum að bera saman mismunandi kosti á einstökum þáttum. Það getur m.a. átt við um fyrirhugaða vegagerð á svæðinu, legu vega og varanleika.

Tengdar framkvæmdir

Fjallað er um Noral-verkefnið og tengdar framkvæmdir í tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun í 1. kafla.

Í umsögn sinni telur Náttúruvernd ríkisins að meta eigi sameiginlega umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði. Landgræðsla ríkisins telur að farið skuli með málið samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og umhverfisáhrif NORAL-verkefnisins metin í heild.

Þótt bygging Kárahnjúkavirkjunar sé nátengd byggingu álvers á Reyðarfirði er að mati Skipulagsstofnunar ekki hægt að líta svo á að um framkvæmdir á sama svæði sé að ræða og því ekki rök fyrir því að með mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna verði farið samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun mun hins vegar beina þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, þ.e. virkjunar og álverksmiðju, verði auglýst um svipað leyti.

Kolbrún Halldórsdóttir telur að meta eigi álver á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun saman eða ljúka fyrst mati á umhverfisáhrifum álversins. Helgi Hallgrímsson og Hjörleifur Guttormsson telja að meta eigi fyrst umhverfisáhrif álversins þar sem enn sé óljóst hvort af byggingu þess verður en það sé forsenda Kárahnjúkavirkjunar.

Samkvæmt matsáætlun fyrir álver í Reyðarfirði er áætlað að auglýsa matsskýrslu í janúar 2001 og matsskýrslu fyrir Kárahnjúkavirkjun er fyrirhugað að auglýsa í mars 2001 samkvæmt tillögu að matsáætlun. Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun er áætlað að hefjist sumarið 2002. Með því að upplýsingar um framkvæmdirnar og umhverfisáhrif þeirra liggi fyrir og séu til umfjöllunar á sama tíma gefast betri möguleikar á að unnt verði að bera saman jákvæð og neikvæð áhrif framkvæmdanna í heild. Miðað við fyrirliggjandi tímaáætlanir er útlit fyrir að upplýsingar um framkvæmdirnar og umhverfisáhrif þeirra liggi fyrir og séu til umfjöllunar um svipað leyti. Jafnframt liggur fyrir að úrskurður um umhverfisáhrif álversins mun samkvæmt fyrirliggjandi tímaáætlunum liggja fyrir áður en mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar lýkur.

AÐRIR MÖGULEIKAR SEM TIL GREINA KOMA

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun kemur fram að athugaðir verði a.m.k. tveir aðrir virkjunarkostir á svæðinu til orkuöflunar fyrir álver á Reyðarfirði auk þess sem grein verði gerð fyrir núll-kosti þ.e. að virkja ekki við Kárahnjúka.

Skipulagsstofnun tekur undir fram komnar ábendingar um að óljóst sé í tillögu að matsáætlun hvernig fyrirhugað er að fjalla um umhverfisáhrif þess kosts að virkja ekki og telur mikils um vert að í matsskýrslu verði fjallað ítarlega um núll-kostinn. Við samanburð núll-kosts, sem og annarra kosta,

við valkost framkvæmdaraðila, er mikilvægt að skýr samanburður sé gerður á áhrifum á einstaka þætti, s.s. á skerðingu landslagsheilda og einstakra búsvæða og á áhrif á núverandi landnotkun, ferðaþjónustu og útivist og framtíðarmöguleika þeirra miðað við mismunandi kosti. Við samanburð núll-kosts, sem og annarra kosta, við valkost framkvæmdaraðila er einnig mikilvægt að fjallað sé um hvaða kostir eru þá uppi að mati framkvæmdaraðila til að afla tilskilinnar orku til álvers á Reyðarfirði.

Komið hafa fram ábendingar um að í matsskýrslu þurfi að fjalla um þann kost að virkja ekki og í stað verði stofnaður þjóðgarður á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að við mat á núll-kosti þurfi að gera grein fyrir samanburði umhverfisáhrifa við aðra kosti á þá umhverfisþætti sem helst hafa gildi í umræðu um þjóðgarð á svæðinu, s.s. á landslagsheildir, ósnortin svæði, einstök búsvæði og útivist og ferðamennsku. Skipulagsstofnun telur hinsvegar ekki eðlilegt að gera þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann geri beinan samanburð á virkjun og þjóðgarði á svæðinu. Hinsvegar þarf í matsskýrslu að gera grein fyrir hugmyndum um stofnun Snæfellsþjóðgarðs og stöðu þeirra nú.

Fram hafa komið ábendingar um að fresta beri mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar þar til fyrir liggur Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem unnið er að á vegum ríkisstjórnar og áætlað að ljúki árið 2002. Skipulagsstofnun telur brýnt að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggja fyrir ítarlegur samanburður allra raunhæfra kosta áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir. Markmið Rammaáætlunar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufer, náttúru- og menningarminja, svo og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Það myndi auðvelda mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar ef niðurstöður úr Rammaáætlun lögju fyrir og stuðla að markvissari umræðu. Skipulagsstofnun telur það hins vegar ekki nægileg rök fyrir því að fresta mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar þar til niðurstöður Rammaáætlunar liggja fyrir, en leggur áherslu á mikilvægi samanburðar á umhverfisáhrifum mismunandi nýtingar á svæðinu, þ.m.t. núllkosta, og umfjöllunar um aðra mögulega orkuöflun til álvers á Reyðarfirði, í matsskýrslu um Kárahnjúkavirkjun.

Á það hefur verið bent að erfitt sé að fá raunhæfa mynd af efnahagslegum ávinningi Kárahnjúkavirkjunar þar sem ekki liggja fyrir fjárhagslegt verðmætamat á þeim landsvæðum sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á. Því þurfi að gera kröfu um að í matsskýrslu sé metinn fórnarkostnaður vegna tapaðra náttúrugæða.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í matsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum virkjunar á einstaka umhverfisþætti, s.s. náttúruferþætti eins og landslagsheildir, búsvæði og verndaðar náttúruminjar og byggða- og mannlífsþætti eins og byggð og atvinnulíf, búskap, útivist og ferðamennsku. Einnig að skýr samanburður á áhrifum mismundandi kosta á

Þessa þætti sé kynntur í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur hinsvegar að ekki sé tilefni til þess að gera kröfu um að í matsskýrslu sé sérstaklega sett fram fjárhagslegt mat á verðmæti svæða og áhrifum á þau. Það sé hinsvegar eðlilegt að slíkt mat sé lagt til grundvallar við þjóðhagslegt mat á áhrifum framkvæmdanna í matsskýrslu.

UPPLÝSINGAR UM SKIPULAG Á FRAMKVÆMDASVÆÐI OG HVERNIG FRAMKVÆMD SAMRÆMIST SKIPULAGSÁÆTLUNUM

Fjallað er um skipulag og samræmi framkvæmdar við skipulagsáætlanir í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í 3. kafla.

Skipulagsstofnun bendir á að upptalning gildandi skipulagsáætlana á áhrifasvæði framkvæmdarinnar er ekki tæmandi. Ennfremur að auk þeirra skipulagsáætlana sem tilgreindar eru í vinnslu er að hefjast gerð aðalskipulags fyrir Fljótsdalshrepp og Austur-Hérað.

ÁÆTLUN UM Á HVÆÐA ÞÆTTI FRAMKVÆMDAR OG UMHVERFIS VERÐUR LÖGÐ ÁHERSLA VIÐ MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Áhrif á hreindýr

Fjallað er um mat á áhrifum á hreindýr í köflum 4.1, 5, 5.1 og 5.4 í tillögu framkvæmdaraðila. Þar eru tilgreind þau gögn sem þegar liggja fyrir um hreindýr á svæðinu, þ.e. könnun á svæðinu umhverfis Háslón sem beitar- og burðarlandi 1979-1981, könnun dreifingar hreindýra að vorlagi með loftljósmyndum og sumartalning á öræfum umhverfis Snæfell frá um 1960. Ennfremur að auk þeirra gagna muni matsskýrsla byggja á niðurstöðum úr reglulegi flugi yfir Vesturöræfi og Kringilsárrana og talningum sumar og haust 2000, en í tillögunni kemur fram að kanna þurfi betur mikilvægi Háslónsstæðisins fyrir hreindýr sem og ferðir hreindýra um lónstæðið milli Vesturöræfa og Kringilsárrana og að kanna þurfi hugsanleg áhrif vegagerðar á hreindýraslóðir sem og meta óbein áhrif vegagerðar vegna aukinnar umferðar um svæðið. Tillaga að matsáætlun varðandi þessi atriði byggir á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands til Landsvirkjunar um rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Veiðistjóraembættið tekur undir það sem segir í tillögu framkvæmdaraðila um að kanna þurfi betur mikilvægi lónsstæðis Háslóns fyrir hreindýr sem og ferðir hreindýra um lónstæðið milli Vesturöræfa og Kringilsárrana. Veiðistjóri telur hinsvegar í umsögn sinni að þetta verði ekki gert nema með tilteknum athugunum sem taki yfir minnst 1 ár og helst 2-3 ár og óskar eftir öðrum hugmyndum framkvæmdaraðila um hvernig staðið verði að þessum rannsóknum.

Í viðbótargögnum framkvæmdaraðila er vísað til áforma eins og þau eru kynnt í tillögu að matsáætlun. Í ljósi athugasemdar Veiðistjóraembættisins fer Skipulagsstofnun fram á að framkvæmdaraðili leggi fram til Skipulagsstofnunar nánari lýsingu, sem hafi áður verið kynnt Veiðistjóraembættinu, á fyrirliggjandi gögnum um hreindýr og hvernig staðið verður að gagnasöfnun við gerð matsskýrslu um hreindýr og áhrif framkvæmda á þau.

Áhrif á vatnsföll

Fjallað er um mat á áhrifum á vatnsföll í köflum 4, 4.2 og 5.2 í tillögu framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Orkustofnunar um að gerðar verði fallmælingar á farvegum niður á láglandi og þversniðsmælingar á farvegum á völdum stöðum og að greindir verði möguleikar þess að dreifa yfirfallsrennsli á sem flestar af ánum sem veita vatni til virkjunarinnar.

Áhrif á ósa og strönd við Héraðsflóa

Fjallað er um mat á áhrifum á ósa og strönd við Héraðsflóa í köflum 4, 4.3 og 5.3 í tillögu framkvæmdaraðila.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að hún telji nauðsynlegt að afla lágmarksgagna um framburð og streymi ferskvatns, því breytingar á slíkum þáttum kunni að hafa áhrif á lífríkið næst ströndinni.

Hafrannsóknarstofnunin leggur áherslu á að fullu mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar verði ekki lokið nema að til komi rannsókn á ýmsum mikilvægum þáttum í Héraðsflóa yfir a.m.k. eins árs tímabil.

Í viðbótargögnum framkvæmdaraðila er vísað til áforma eins og þau eru kynnt í tillögu að matsáætlun, en þar segir að könnuð verði hugsanleg áhrif á lífríki utan við ströndina. Í ljósi athugasemdar Hafrannsóknastofnunarinnar fer Skipulagsstofnun fram á að framkvæmdaraðili leggi fram til Skipulagsstofnunar nánari lýsingu, sem hafi áður verið kynnt Hafrannsóknastofnuninni, á því hvernig staðið verður að gagnasöfnun og úrvinnslu um hugsanleg áhrif á lífríki við ströndina við gerð matsskýrslu.

Áhrif á vegakerfi

Skipulagsstofnun tekur undir framkomnar athugasemdir Vegagerðarinnar um að leggja þurfi fram upplýsingar um hvort aukið vatnsmagn í Lagarfljóti geti haft áhrif á endingu núverandi brúar á Lagarfljóti. Einnig að fjallað verði um hvort uppbygging vegakerfisins á svæðinu geti skapað eftirspurn eftir nýjum leiðum s.s. tengingu úr Jökuldal og frá Kárahnjúkastíflu inn á austurleið vestan Þríhyrningsfjallgarðs og að afstaða til slíkrar eftirspurnar komi fram í matsskýrslu.

ÁÆTLUN UM KYNNINGU OG SAMRÁÐ

Í 6. kafla tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun er fjallað um kynningu og samráð.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að upplýsingar og niðurstöður kannana og rannsókna sem verður aflað meðan á matsvinnunni stendur verði jafnóðum kynntar hlutaðeigandi aðilum. Einnig er mikilvægt að kynna framkvæmdina og matsvinnuna fyrir almenningi.

NIÐURSTAÐA

Kárahnjúkavirkjun er umfangsmikil framkvæmd sem felur í sér marga framkvæmdaþætti sem hver um sig eru matsskyldir og taldir geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það gildir m.a. um öll lón sem eru stærri en 3 km², alla efnistökuastaði sem eru stærri en 50 þús. m² og 150 þús. m³, alla vegi sem eru 10 km eða lengri. Aðrir einstakir framkvæmdaþættir Kárahnjúkavirkjunar falla eftir atvikum undir ákvæði 6. gr. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningaskyldar framkvæmdir og kunna þannig hver og einn einnig að geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Það er því ljóst að mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hlýtur að verða mjög umfangsmikið. Í tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun er framkvæmdinni, gagnasöfnun og mati á umhverfisáhrifum lýst með nokkuð almennum hætti. Þannig liggja þar ekki fyrir upplýsingar um alla megin framkvæmdaþætti. Einnig er farið nokkuð almennum orðum um hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmdaþátta. Þannig liggur ekki fyrir í öllum tilvikum hvernig staðið verður að matinu, s.s um gagnasöfnun, árstíma og tímalengd rannsókna, aðferðir við mat á áhrifum og hvernig fyrirhugað er að setja niðurstöður matsins fram í matsskýrslu. Í heild virðist þó hin almenna lýsing sem fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila ná til allra helstu þátta sem taka þarf á í mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun fellst því á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með fyrirvara um nánari skoðun einstakra þátta matsins annaðhvort þegar framkvæmdin verður tilkynnt til athugunar samkvæmt 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og eftir atvikum kröfu um frekari gögn þá sbr. 4. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eða við framlagningu ítarlegri tillagna að áætlunum fyrir framkvæmdina í heild eða tiltekna þætti hennar.

Skipulagsstofnun hvetur Landsvirkjun til að kynna sér efni þeirra umsagna og athugasemda sem Skipulagsstofnun bærust við umfjöllun um tillögu að matsáætlun.

Samrit: Austur-Hérað, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Norður-Hérað, Náttúruvernd ríkisins , Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnunin, Landgræðsla ríkisins , Samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis, Samvinnunefnd miðhálandis, Vegagerðin, Veiðimálastjóri, Veiðistjóraembættið, Þjóðhagsstofnun, Þjóðminjasafn Íslands

Afrit: Guðmundur P. Ólafsson, Helgi Hallgrímsson, Hjörleifur Guttormsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Þuríður Backmann